

Orkustofnun
Orkugarði
Grensásvegi 9
108 REYKJAVÍK

Garðabær, 1. júní 2023
Málsnúmer: 202305-0023
IAS

Efni: Umsögn um rannsóknarleyfisumsókn Viðarr ehf á afmörkuðu svæði í Húnabyggð.

Vísað er til tölvupósts frá Orkustofnun dags. 14. maí 2021 þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um rannsóknarleyfisumsókn Viðarr ehf á afmörkuðu svæði í Húnabyggð.

Náttúrufræðistofnun hefur kynnt sér gögn sem fylgja umsókninni og vill koma á framfæri eftirfarandi athugasemdum.

Sótt er um rannsóknarleyfi á mjög stóru svæði (255,8 km²) sem nær m.a. yfir Vatnsdalsfjall, Svinadalsfjall, Marðarnúpsfjall, Sauðadal og Mjóadal. Svæðið er nánast alveg ósnortið, fyrir utan ógreinilegan vegslóða sem liggur inn Sauðadal og fellur undir skilgreiningu sem ósnortið víðerni sem hefur mikið verndargildi. Ekki er til nákvæmt jarðfræðikort af svæðinu en í Vatnsdalsfjalli er forn megineldstöð og þar má finna súrt berg og nokkuð þykk basísk eða ísúr innskotlög. Hluti svæðisins, Hvammskriður í Vatnsdal, er á náttúruminjaskrá. Um það svæði segir í náttúruminjaskrá: Mikilfenglegir klettur og skriður, fögur og tilkomumikil stuðluð basaltlög í Fossgili. Í næsta nágrenni er svæðið Hóp-Vatnsdalur, sem Náttúrufræðistofnun leggur til að fari á B-hluta náttúruminjaskrár og svo tvö önnur svæði á náttúruminjaskrá, Vatnsdalshólar, og Eylendið, Flóðið og Húnavatn.

Umsóknin er frekar óljós en markmið rannsóknanna er að kanna hvort ákveðna málma sé að finna í vinnanlegu magni á svæðinu með námuvinnslu í huga. Fyrsta árið á að kortleggja jarðfræði svæðisins, taka 3 kg yfirborðssýni á völdum svæðum, gera þrívíddarkort og mæla segulsviðið.

Ef niðurstöður um frekari vinnslu reynast jákvæðar stendur til á seinni árum að fara í kjarnaborun, sem fæli í sér lagningu aðkomuvega og borplana, og meta svo mögulega arðsemi námuvinnslu á svæðinu.

Námuvinnsla að þessu tagi hefði verulega mikið rask í för með sér og myndi valda óafturkræfum neikvæðum umhverfisáhrifum.

Að mati Náttúrufræðistofnunar Íslands ætti ekki að leyfa námuvinnslu á þessu svæði vegna verndargildis landslags og jarðminja og því ekki ástæða til að leyfa þar rannsóknir vegna mögulegrar námuvinnslu í framtíðinni.

Virðingarfyllst,

Ingvar Atli Sigurðsson,
jarðfræðingur

